

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu — Rás 2.

1. Verð kr. 9 000,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 150,00 fyrir hverja sekúndu.
2. Næturútvarp:

Verð kr. 6 000,00 fyrir hverja mínútu eða kr. 100,00 fyrir hverja sekúndu.

Gjaldskrá þessi gildir frá fyrsta útsendingardegi Rásar 2 og þar til öðruvísi kann að verða ákvæðið.

Menntamálaráðuneytið, 16. nóvember 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Runólfur Pórarinsson.

5. apríl 1983

AUGLÝSING

Nr. 763

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

- 1) Stöðvunarskylda skal vera á umferð suður tengiveg af Hafnarfjarðarvegi við Hamraborg.
- 2) Stöðvunarskylda skal vera á beygjurampa úr Skeljabrekku til hægri inn á Hamraborg.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. apríl 1983.

Ásgeir Pétursson.

14. nóvember 1983

Nr. 764

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfjarðar-kaupstað:

1. Umferð um **Hjallahraun** nýtur forgangs fyrir umferð úr aðliggjandi götum (biðskylda).
2. Umferð um **Stakkahraun** nýtur á sama hátt forgangs fyrir umferð úr aðliggjandi götum (biðskylda).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 14. nóv. 1983.

Einar Ingimundarson.